

Bæjarráð Garðabæjar
B/t bæjarritara
Guðjón E. Friðriksson
Garðatorgi 7
210 Garðabæ



Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	22.11.19
Máfatykill	0049
Mál nr.	1911348

21. nóvember 2019

Efni: Beiðni sóknarnefndar Garðasóknar um niðurfellingu fasteignagjalda vegna rekstrarársins 2020.

Sóknarnefnd vill þakka bæjarstjórn Garðabæjar fyrir ánægjulegt samstarf á liðnum árum.

Á sóknarnefndarfundi í Garðasókn þann 13. nóvember 2019 var umræða um fasteignagjöld vegna húsnæðis í eigu Garðasóknar.

Á þeim fundi var samþykkt að fara þess á leit við bæjaryfirvöld að fasteignagjöld ársins 2020 verði felld niður á húsnæði sóknarinnar. Einnig má benda á að umrætt húsnæði er að langmestu leiti notað til félags- og samkomuhalds í þágu íbúa Garðabæjar.

Hluti húsnæðisins er í eigu Garðabæjar, en eignaskiptayfirlýsingu hefur aldrei verið þinglýst og þ.a.l. er Garðasókn að greiða fasteignagjöld af rými, sem réttilega er í eigu Garðabæjar og nýtt af hálfu bæjarins.

Garðasókn hefur ekki áður sótt um niðurfellingu þessara gjalda og þykir nefndinni tímabært að fara þess á leit m.a. með vísan í mjög aukinn rekstrarkostnað á húsnæði sóknarinnar en einnig er nefndinni kunnugt um fordæmi fyrir slíkri niðurfellingu.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. sóknarnefndar Garðasóknar

Magnús E. Kristjánsson
Formaður sóknarnefndar